

Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra

Staðlað upplýsingarblað um vátryggingu



SKILMÁLI SA-4

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á **vátryggingarskirteini** tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á *Mínum síðum Varðar*. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um vátryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt vátryggingarskirteini.

Hvernig trygging er starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra?

Byggingarstjórum er skylt að kaupa og viðhalda starfsábyrgðartryggingu samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010. Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra hefur þann tilgang að bæta almennt fjártjón sem getur komið upp vegna byggingaframkvæmda sem hann tekur að sér að stýra.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Skaðabótaábyrgð sem fellur á vátryggðan, þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni, vegna vanrækslu vátryggðs á skyldum sínum, skv. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Tjón sem rakin verða til ásetnings vátryggðs eða starfsmanna hans.
- ✗ Tjón sem rekja má til þess að vátryggður tekur á sig ábyrgð sem er viðtækari en almenn bótaskylda hans sem byggingarstjóra.
- ✗ Sektir eða önnur viðurlög sem falla á vátryggðan eða þriðja mann.
- ✗ Líkamstjón og skemmdir á munum.
- ✗ Starfsemi vátryggðs utan Íslands eða bótaábyrgð sem er ríkari en eftir íslenskum reglum um skaðabótagrundvöll eða ákvörðun bótafjárhæðar.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Vátryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.



Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin tekur eingöngu til tjóns sem verður á Íslandi, vegna starfa vátryggðs á Íslandi.



Hverjar eru skyldur þess tryggða?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun eða breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Jafnskjótt og vátryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.
- Verði breytingar á atvikum eða upplýsingum, sem félaginu hefur verið skýrt frá í vátryggingarbeiðni, eða á annan hátt, skal vátryggingartaki tilkynna félaginu um þær.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



Hvenær hefst vátryggingaverndin og hvenær lýkur henni?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu.